

Myllubakkaskóli

Kennsluáætlun
6. bekkur 2010 - 2011



Kennari:
Sigurður Þ. Ingimundarson

EFNISYFIRLIT

1. ÍSLENSKA	2
1.1 BÓKASAFN.....	2
1.2 FJÖLÞJÓÐADEILD	6
2. STÆRÐFRÆÐI	7
3. SAMFÉLAGSFRÆÐI.....	8
3.1 LANDAFRÆÐI	8
3.2 SAGA	8
4. LÍFFRÆÐI.....	9
5. EÐLIS-OG EFNAFRÆÐI.....	10
6. KRISTINFRÆÐI	10
7. LÍFSLEIKNI	11
8. ENSKA	12
9. HEIMILISFRÆÐI	11
10. TÓNMENNT	13
11. MYNDMENNT	14
12. TEXTÍLMENNT	15
13. HÖNNUN OG SMÍÐI	15
14. UPPLÝSINGAMENNT/TÖLVUFRÆÐI	16
15. ÍPRÓTTIR	17
16. SUND	17

1. Íslenska

Kennari : Sigurður Ingimundarson

Tímafjöldi á viku : 6x40 mín

Markmið [Aðalnámskrár grunnskóla 2007](#) eru lögð til grundvallar kennslu í íslensku bls. 8-18

„ Markmiðum íslenskukennslu er skipt í fjóra flokka eins og áður segir, talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Innan þeirra eru mörg markmið sem skarast eða fléttast saman... Leitast skal við að vinna með alla þætti móðurmálsins þannig að hver þáttur styðji annan og þeir myndi saman eina heild.“

Efnistöð og áherslupættir :

Í vetur innleiðum við nýtt heildstætt námsefni í íslensku sem skiptist í bókmenntir, málfræði, stafsetningu og ljóð. Tímum er þannig skipt að einn tími fer í skrift, einn í ljóð, tveir í málfræði, einn í bókmenntir og einn í ritun.

Náms- og kennslugögn :

Ekki málið, lesbók 1&2, vinnubók 1&2
Skrift 6

Heimavinna :

Heimavinna í íslensku er nokkur og er ákveðin vikulega af umsjónarkennara.

Námsmat :

Námsmat fer fram í janúar og maí eftir skriflegt lokapróf. Kennarar leggja fyrir kaflapróf sem metin eru til einkunnar.

1.2 Bókasafn – Upplýsinga- og tæknimennt.

Bókasafns- og upplýsingafræðingur: Lilja Krístrún Steinarsdóttir

Tímufjöldi á viku : Útlánstímar

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007

Frjáls lestur á að skipa fastan sess á öllum stigum grunnskóla. Leggja ber áherslu á fjölbreytt lesefni, bæði prentað efni í bókum og hvers konar ritum og einnig lesefni á Netinu. Á skólasöfnum eiga nemendur að geta nálgast lesefni í samræmi við þroska og lestrargetu hvers og eins. Lestrarþjálfun tengist einnig upplýsingaöflun, öðru námi og bókmenntum af ýmsu tagi.

(Aðalnámskrá grunnskóla 2007, íslenska bls.9)

Undirþættir nír eru upplýsingalæsi og menningarlæsi.

Efnistöð og áherslupættir

- frjálst val á sögubókum

1.3 Fjölbjóðadeild Kennari: Svana A. Daðadóttir

Íslenska sem annað mál

Tímafjöldi á viku: Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakrunn og miðast því tímafjöldinn við það.

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 er lögð til grundvallar kennslunni bls.26-27.

Áfangamarkmið 1:

Mál- og menningarfærni ,

Áfangamarkmið 2:

Skólamál og námsfærni, Tal, hlustun og skilningur, Lestur og ritun, Námsgreinar og Námstækni og gagnrýnin hugsun

Efnistöð og áhersluþættir: Miðast við þarfir hvers nemanda.

Náms- og kennslugögn: Þau kennslugögn sem gefin hafa verið út fyrir íslensku sem annað mál s.s Orðasjóður, verkefnabækur af Kötluvef, Léttlestrarbækur frá Náms. Myndaspjöld og fleira

2. Stærðfræði

Kennari : Sigurður Ingimundarson

Tímafjöldi á viku : 6x40 mín

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar í kennslu í stærðfræði bls.23.

Efnistöð og áhersluþættir

Sérstöð áhersla er lögð á að nemendur temji sér sjálfstæð og vönduð vinnubrögð við útreikninga. Kennari útskýrir nýjar aðferðir með þátttöku nemenda sem vinna síðan sjálfstætt eða í hóp.

Náms- og kennslugögn

Geisli 2 Grunnbók

Vinnubók 2A og 2B

Vasareiknar

Ljósrituð hefti frá kennurum

Ítarefni: Mars, Júpiter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus, Plútó og Vasareikningshefti.

Hjálpargögn: Reglustikur, málbönd, gráðubogar

Námsmat

Skriflegt próf í lok hvorrar annar, könnunarpróf verða með reglulegu millibili og gilda einnig til einkunnar.

Heimanám

Nemendur fá alltaf heimavinnu í stærðfræði. Þá er ýmist verið að vinna í Geisla 2 grunnbók eða heftum sem koma frá kennara og er ákveðið vikulega.

3. Samfélagsgreinar

Kennari : Sigurður Ingimundarson

Tímafjöldi á viku : 3 kennslustundir á viku á haustönn

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar í kennslu í samfélagsfræði. Bls.16-17

Efnistöð og áherslupættir :

Nemendur lesa námsbókina ásamt kennara og vinna verkefni úr efninu, ýmist sjálfstætt eða í hóp.

Náms- og kennslugögn :

Norðurlönd

Verkefnamappa

Landakortabók.

Námsmat :

Skriflegt próf í lok annar, heimapróf eða gagnapróf.

Heimavinna :

Metið af kennara hverju sinni.

3.1 Saga

Kennari : Sigurður Ingimundarson

Tímafjöldi á viku : 3x40 mín á vorönn

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla frá 2007 eru lögð til grundvallar í kennslu í landafræði. Bls.18

Efnistöð og áherslupættir :

Nemendur lesa námsbókina ásamt kennara og vinna verkefni úr efninu, ýmist sjálfstætt eða í hóp. Sérstöð áhersla er lögð á lifandi umræður.

Náms- og kennslugögn :

Snorra saga

Vinnublö

Námsmat :

Skriflegt próf í maí, verkefni verða metin til einkunnar.

Heimavinna :

Metið af kennara hverju sinni.

4. Líffræði

Kennari: Sigurður Ingimundarson

Tímalfjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í lífvísindum. Undirþættir eru: Frumur – Mannslíkaminn – Lífverur bls. 21

Efnistöð og áhersluþættir:

- þekkja helstu líffærakerfi mannslíkamans og starfsemi þeirra í stórum dráttum
- þekkja hvernig barn verður til og fóstur þroskast
- geta lýst helstu breytingum sem verða á líkama mannsins frá fæðingu til elliára
- gera sér grein fyrir hvernig mannslíkaminn nýtir fæðuna og fær úr henni orku
- geta tekið skynsamlega afstöðu í kynferðismálum út frá þekkingu á einkennum og hlutverki kynþroskaaldursins
- skilja ábyrgð sína á eigin heilsu og möguleikum sínum til að koma í veg fyrir ýmsa sjúkdóma
- öðlist nokkurn skilning á áhrifum lifnaðarháttá á heilsufar og hafi nokkurn skilning á áhrifum fíknafna á heilsuna

Náms- og kennslugögn:

Maðurinn - Hugur og heilsa lesbók og vinnubók

Maðurinn - Hugur og heilsa kennsluleiðbeiningar

Heimanám:

Efni lesið í skóla og rætt. Vinnubók sem fylgir er unnin samhliða, ýmist í skóla eða heima.

Námsmat:

Próf í annarlok 70%

vinnubók 20%

vinnubrögð í tímum 10%

5. Eðlisvísindi

Kennari: Ingólfur H. Matthíasson.

Tímalfjöldi: 2 kennslustundir á viku.

Markmið Aðalnámsskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í eðlisvísindum.

Undirþættir eru: Kraftur og hreyfing, bylgjur, sólkerfið, landmótun og lofthjúpurinn bls. 20

Efnistöð og áhersluþættir:

- geri athuganir með mismunandi krafta s.s núning og mótstöðu
- þekkja að til eru ólíkar gerðir krafta, svo sem flotkraftur, lyftikraftur, segulkraftur, aðdráttarkraftur
- átta sig á ýmsum mælieiningum í eðlisfræðinni

- átta sig á hugtökunum vegalengd, tími og hraði
- gera sér grein fyrir að vélar, svo sem tannhjól, gírar, öxlar og trissur, eru tæki sem hjálpa með því að margfalda krafta og að í þeim tapast alltaf orka
- þekkja bylgjueiginleika yfirborðsbylgna á vatni og bylgna á streng
- gera sér grein fyrir skynjanlegum eiginleikum hljóðs
- þekkja uppbyggingu jarðar
- þekkja lagskiptingu og efnasamsetningu lofthjúps jarðar og þýðingu fyrir lífríkið
- gera sér grein fyrir hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og hvernig landrek getur orsakað jarðskjálfta og eldgos
- þekkja stöðu og hreyfingu jarðarinnar og reikistjarnanna í sólkerfinu

Náms- og kennslugögn:

Bókin Auðvitað 2, ritið Lifandi vísindi, bókin Alfræði unga fólksins, internetið, ýmis myndbönd og verkfæri sem tilheyra eðlis- og efnafræðistofu.

Námið:

Oftast er efnið lesið í skóla með nemendum, þeir glósi hjá sér aðalatriði og teikni skýringamyndir.

Námsmat:

Vorpróf með glósum og bók	65%
Vorpróf annar án bókar	25%
Ástundun	10%

6. Kristinfræði

Kennari Sigurður Ingimundarson

Tímafjöldi: 1x40 mín

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar í kennslu í trúarbragðafræðslu. Bls.10

Efnistöð og áhersluþættir :

Lögð er áhersla að kynna þau trúarbrögð sem hafa flesta iðkendur og ræða þau. Nemendur eru fræddir um ólík trúarbrögð og ólíka siði og venjur sem þeim fylgja.

Náms- og kennslugögn

Kristinfræði – Ljós heimsins
Efni af netinu

Námsmat

Ekkert formlegt námsmat.

7. Lífsleikni

Kennari: Freydís Kneif Kolbeisdóttir

Tímafjöldi á viku: 1 kennslustund

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í lífsleikni. Lífsleikni skiptist í tvo þætti sá fyrri inniheldur: sjálfsþekkingu, samskipti, sköpun og lífsstíl. Sá seinni inniheldur: samfélag, umhverfi, náttúru og menningu

Efnistöð og áhersluþættir

Kennsla byggist mest á umræðum milli nemenda og kennarar, hópefandi leikjum og ýmis konar verkefnum. Einnig getur kennari tekið fyrir þau mál sem upp koma og unnið með þau.

Náms- og kennslugögn

Umferðarfræðsla, efni tekið af vef.

Fræðsla frá hjúkrunarfræðingi

Ýmis verkefnablöð

Myndbönd um ýmis málefni

Heimanám

Ekki er mikið um heimanám en nemendur gætu þurft að vinna einstaka verkefni heima.

Námsmat

Ekkert formlegt námsmat.

8. Enska

Kennari: Sigurður Ingimundarson

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmiðið er að nemendur

- skilji það sem fram fer í kennslustofunni á ensku, bæði í tali kennara og samnemenda
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- geti unnið með lesefni í tengslum við aðra færniþætti
- sé fær um að taka þátt í samskiptum innan kennslustofunnar, við kennara og samnemendur,
- geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi stutta, einfalda texta eftir fyrirmyndum

(Aðalnámskrá grunnskóla)

Efnistöð og áhersluþættir

- taka þátt í samræðum, spyrja og svara
- halda dagbók sem byggir á þeirra orðaforða og er skrifuð í skóla
- nefna hluti og segja frá í nt. og þt.
- lýsa fólki, hlutum og stöðum
- lýsa hlutum og fyrirbærum, segja frá og útskýra daglegar venjur
- tjá eigin skoðanir og spyrja um álit annarra
- skrifa ýmiskonar skilaboð
- vinna með ýmis konar texta

Náms- og kennslugögn

Portfolio Build up 1- vinnubók og hljóðsnelda + kennsluleiðbeiningar

Lesbækur: Portfolio lesheftin + vinnubækur

Ítarefni: Verkefnablöð og aukahefti

Heimanám

Heimavinna annað slagið, verkefnablöð eða annað tengt námsefninu.

Námsmat

Kannanir í lok anna.

9. Heimilisfræði

Kennari: Guðbjörg Rúna Vilhjálmsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku, hálfur bekkur í senn á móti myndmennt

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í heimilisfræði. Undir þættir eru: Næring – hollusta, matreiðsla – vinnubrögð, matvælafræði, hreinlæti, neytendafræði – umhverfisvernd bls: 20 – 22.

Efnistöð og áhersluþættir

- geri sér grein fyrir helstu orsökum slysa á heimilum og viti hvernig koma má í veg fyrir þau
- tileinki sér kurteisi og tillitssemi við borðhald og bragði á þeim fæðutegundum sem á boðstólum eru
- fái þjálfun í samskiptum og í að virða ólík sjónarmið
- geri sér grein fyrir því hvers vegna persónulegt hreinlæti er mikilvægt
- hafi fengið tækifæri til að taka þátt í að fegra og hreinsa umhverfið
- fái þjálfun í að lesa úr fatamerkingum og flokka þvott
- geti lagt gagnrýnið mat á eigin frágang í eldhúsi
- hafi öðlast færni í að þvo upp samkvæmt hreinlætiskröfum
- læri að þrifa kæliskáp og eldavél
- tileinki sér að velja og nota rétt áhöld við matreiðslustörf
- þjálfist í að stækka og minnka uppskriftir
- taki þátt í að matreiða þjóðlegan íslenskan mat
- tileinki sér einfalda vinnutækni í matreiðslu við að hreinsa, flysja, skera, brytja, saxa og sjóða
- þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum
- rifji upp þekkingu sína á fæðuflokkunum og vinni sérstaklega með kjöt-, fisk- og eggjaflokk
- kanni hvaða næringarefni eru í þeim matvælum sem unnið er með
- kynnist og bragði á þjóðlegum íslenskum mat (saltfiski, plökkfiski, kjötsúpu)
- kanni næringargildi lýsis
- öðlist færni í að meta útlit og gæði matvæla sem unnið er með (kjöt, fiskur, egg)
- læri að meta eigin neyslu með tilliti til vasapeninga
- kynnist skipulögðum innkaupum með hliðsjón af magni, verði og gæðum
- tileinki sér jákvætt viðhorf til umhverfisverndar
- læri hvaða sorp má endurnýta
- temji sér að velja umhverfisvænar vörur og nota þær skynsamlega
- fái þjálfun í að gera verðsamanburð á tilbúnum og heimagerðum mat (pítsa, samlokur)
- kynnist orkueiningum fæðunnar (he., kcal og kJ)
- kynnist orkuefnum fæðunnar og læri um hlutverk þeirra í líkamanum
- leiti uppi orkurík og orkusnauð matvæli í næringarefnaöflu
- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur hafa áhrif á heilsuna

Náms- og kennslugögn

Gott og gagnlegt 2 lesbók og vinnubók.

Heimanám: Ekkert heimanám.

Námsmat

Mat tekur tillit til framkomu/umgengni í tímum og vinnusemi.

10. Tónmennt

Kennari: Íris Dröfn Halldórsdóttir

Tímafjöldi á viku: 1x40 mín

Markmiðið er að:

- vekja hjá nemendum jákvæðan áhuga á tónlist og tónlistariðkun.
- þroska hæfni nemenda til að njóta tónlistar.
- gera nemendum grein fyrir gildi tónlistar fyrir einstaklinga og samfélagið.
- iðka tónlist af ýmsu tagi og njóta þess.

Efnistöð og áherslupættir

Hlustun, sköpun, söngur, dans og hreyfing, leikræn tjáning, hljóðfæraleikur og verkefnavinna. Áhersla er ýmist á einn þessara þátta hverju sinni eða að þeir fléttast margir inn í sama verkefnið. Markmiðið er að hafa tímana lifandi og hvern öðrum skemmtilegri og á sama tíma fróðlega og uppbyggjandi.

Náms- og kennslugögn

- Sígild tónskáld
- Syngjandi skóli
- Geisladiskar
- Hljóðfæri
- Textablöð
- Myndbönd

Námsmat: Öll vinna fer fram í tímum og heimanám er ekkert.

11. Myndmennt

Kennari: Sigríður Á. Guðmundsdóttir

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir

Markmið:

að nemendur

- vinni með línu og áferð, ljós og skugga
- þjálfist í að gera skissur af verkum sem þau vinna síðan
- þjálfist í að teikna það sem fyrir augu ber, skoði hlutföll, forgrunn, miðrými og bakgrunn
- teikni uppstillingu frá ólíkum sjónarhornum
- vinni klippiverkefni þar sem mynd er teiknuð út frá mynd
- kynnist sögu grafíklistar og skoði myndir eftir íslenska listamenn
- skeri í dúk og fjölfaldi grafíkmyndir
- þjálfist í blöndun lita með áherslu á að blanda hvítu og svörtu, grátónar
- móti einfaldan hlut í leir
- fái innsýn í listasöguna
- skoði hlutföllin í landslaginu og vinni mynd með blandaðri tækni
- tileinki sér vönduð vinnubrögð, virðingu fyrir efnunum og áhöldum og góða umgengni almennt

Efnistöð og áhersluþættir:

Stefnt er að því að námið í myndlist veki og efla áhuga nemenda fyrir skapandi starfi og listum. Á þessu stigi er leitast við að þroska með nemendum hæfileika til að vinna sjálfstætt og efla hæfni þeirra til samstarfs við aðra þar sem um samvinnuverkefni er að ræða. Áhersla verður lögð á að nemendur nái að tileinka sér þekkingu á grundvallarlögmálum myndlistar, efniviði og miðlum.

Náms og kennslugögn:

Bækur í eigu kennarans og veraldarvefutinn.

Heimanám:

Ekkert.

Námsmat:

Mat tekur tillit til framkomu/umgengni í tímum og vinnulags/færni.

12. Textílmennt

Kennari: Sara Bertha Þorsteinsdóttir

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í textílmennt

Eitt meginmarkmið sem ber að hafa í heiðri í öllum árgöngum í textílmennt er að nemendur tileinki sér vandvirkni, góða umgengni og rétta meðferð áhalda og vela. Þá er einnig mjög mikilvægt að nemendur temji sér sjálfstæð vinnubrögð og læri að nota upplýsingar sér til framdráttar við vinnu sína.

Undirþættir eru: **1. Lögmál og aðferðir. 2. Sögulegt og félagslegt samhengi.**

3.Fagurfræði og rýni. (bls. 61)

Efnistöð og áhersluþættir

Nemendur vinna hópverkefni, þeir teikna, mála og skreyta laufblöð.

Þau eru síðan sett saman í eitt verk, sem verður staðsett á gangi við sal.

Nemendur fá kynningu á silki. Þau læra bæði frjálsa málun í silki og að vinna með

“gutta” línur. Þau gera prufu og gera kort úr prufunni. Nú er komið að

saumavélavinnu og er þá byrjað á upprifjun í saumavél með saumavélaprufum. Því

næst sauma nemendur vettlinga eða húfur. Fyrst fá nemendur snið, merkja inn

saumfar, klippa og skreyta. Saumað er í saumavél.

Nemendum kennd brugna lykkjan og þrjóna t.d. húfu eða grifflur.

Náms og kennslugögn: Bækur, blöð, efni, tæki og vélar í eigu skólans.

Heimanám: Ekki heimanám.

Námsmat:

Ástundun 10%

Vinnubr/færni 20%

Umgengni/hegðun 30%

Verkefni 30%

Vinnubók 10%

13. Hönnun og smíði

Kennari: Kristinn Guðbrandsson

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn,.

Markmið:

Aðalnámskrár grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í hönnun og smíði.

Efnistöð og áherslupættir:

Nemendur mæla út efnisþörf og saga niður gróflega.

Nemendur teikna sniðin á efnið og saga út í tifsöginni eða handsög.

Sagarfar er pússað og allir fletir, nelgt saman og bæsað klárað að negla saman og skreytt.

Náms og kennslugögn

Efni: Fura, saumur, lím, málning eða lakkbæs og fl.

Vélar: tifsög, borvél, lokað gler.

Handverkfæri: Raspur, sandpappír, vinkill, málstokkur, hefilbekkur, hamar, pensill, glertangir og fl.

Heimanám: Ekkert heimanám.

Námsmat

Við námsmat er tekið mið af eftirfarandi:

Vinnubrögðum/færni/virkni 20%

Ungengni/hegðun 30%

Verkefni 50%

14. Tölvufræði – Upplýsinga- og tæknimennt.

Kennari: Ingiber Óskarsson

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í tölvufræði. Undirþáttur er tæknilæsi.

Markmiðið er að nemendur

- geti kveikt á tölvum og jaðartækjum og náð í forrit sem notuð eru hverju sinni
- geti gengið rétt frá forritum og öðrum jaðartækjum
- geti notað teikni forrit og prentað út skjöl
- geti beitt tölvumús við tölvuvinnslu og kunni að nota ákveðna sérlykla s.s. að eyða texta, leiðrétta texta og rita stóra stafi
- geti vistað skjöl og náð í vistuð skjöl á hörðum diskum tölvunnar

- geti tekið myndir á myndavél og læri meðferð þeirra
- geti búið til einfaldar heimasíður og geti notað netið við efnisöflun
- kunni að búa til möppur og nota þær í tölvum
- kunni að nýta sér pósthótt, senda og lesa póst
- búi til töflur í ritvinnslu.

Efnistöð og áherslupættir

Aðaláherzlan er að rita inn texta og setja inn myndir og gera á honum leiðréttingar. Nemendur búi til sitt eigið efni með notkun tölvu. Ekkert heimanám.

Námsmat

Verkefni metin til einkunnar

15. Íþróttir

Kennari: Guðjón Árni Antoníusson.

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku.

Helstu þrepamarkmið í íþróttum eru:

- að nemendur kynnist og fái að prófa helstu íþróttagreinar sem stundaðar eru hér á landi
- að meira sé reynt á krafta, þol og áræðni, og mælingar gerðar á þoli og krafti
- að keppa meira og nota keppnina til að kenna samvinnu, tillitsemi, gagnkvæma virðingu leikmanna, þá jafnt mótherja sem meðspilara og yfirvegun í hvívetna o.fl.
- að ræða um áhrif þjálfunar á líkamann og t.d. lært að finna púls, áhrif teygjuæfinga rædd og ýmis hugtök skýrð lítilega, s.s. þol og annað
- að efla vitund um aukin líkamsþroska s.s. svitalykt, hárvöxt, blæðingar og mismun á einstaklingum hvað þroskan varðar
- að ítreka mikilvægi góðra hreinlætis-, svefn- og matarvenja.

Efnistöð

Kynning á helstu íþróttagreinum eru helstu efnistöð þessara árganga, og eru íþróttagreinar notaðar í flest annað s.s. þrekhringi, verkefnahringi, boðhlaup og annað sem verið er að gera. Meira er farið út að vori og hausti með þessa árganga en þá yngri og þá í frjálsar, knattspyrnu, gönguferðir og annað.

Námsmat

Einkunn gefin í lok skólaárs.

1. Þolpróf
2. Handstaða v/vegg
3. Lamgstökk án atrennu
4. Sipp
5. Boltakast og grip
6. Boltaþraut
7. Fótboltaþraut
8. Klifrað í kaðli
9. Hlýðni
10. Virkni

14. Sund

Kennari: Haukur Ottesen

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í sundi. Undirþættir eru: Skynþroski – hreyfiþroski, líkamsþroski – fagurþroski, félagsþroski – tilfinningaþroski – siðgæðisþroski, vitsmunaprofski bls. 24 – 25.

Efnistöð og áhersluþættir:

6. sundstig - 6. bekkur

A. 200 metra bringusund, viðstöðulaust.

B. 50 metra skólabaksund.

C. 25 metra skriðsund

D. 25 metra baksund.

E. 25 metra bringusund á tíma. Lágmark 35.0 sek.

F. 15 metra björgunarsund (skólabaksundsátök).

G. 8 metra kafsund.

H. 10 metra flugsund með eða án hjálpartækja.

Byrjað er á því að láta nemendur reyna við það sundstig er hæfir aldurshópi þeirra, þ.e. nemendur í 6. bekk reyna við 6.stig. Þeir nemendur er standast viðkomandi sundstig geta hafið æfingar fyrir næsta stig fyrir ofan. Reikna má með að einhverjir nemendur verði vel á undan þeirri meðalgetu er búast má við af þeirra aldursflokki. Einnig að einhverjir nemendur verði á eftir meðalgetu.

Náms- og kennslugögn:

- Kennarahandbók á stofni, byggt á Turnen und sport in der schule – schimmen.
- Sundstig sundpróf í grunnskóla frá Menntamálaráðuneytinu.

Tæki og tól:

Sundfit

Korkur

Kútur

Armkútur

Námsmat: Einkunn.